

Alþingi
Erindi nr. P 139/2024
komudagur 31.5.2011



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 23. maí 2011
Tilv.: MMR11030510/0.4.0-


Mennta- og menningarmálaráðuneytinu barst erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 29. mars 2011 þar sem óskað var eftir umsögn ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, 306. mál.

Ráðuneytið hefur engar athugasemdir við að skipaður verði starfshópur til að fjalla um stofnun björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þeir skólar sem vitnað er til í greinargerð tillögunnar, þ.e. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna og Jafnréttisskólinn hafa þegar sannað gildi sitt (einkum þeir tveir fyrsttöldu) og borið hróður landsins víða. Þar hefur sérþekking Íslendinga á þessum málum komið að mjög góðu gagni og reynslan af starfsemi skólanna er góð.

Skoða þarf vel stofnkostnað og rekstur björgunarskóla. Fyrirnefndu skólarnir er að mestu leyti bóknámsskólar og eru því fremur ódýrir. Björgunarskóli þarfnast hins vegar sértæks húsnæðis og tækja sem eru sennilega nokkuð dýr. Staðsetning skólans þyrfti að vera nálægt höfuðstöðvum Landhelgisgæslunnar og helstu björgunarsveita landsins. Staðsetning hans á Suðurnesjum fer því eftir því hvort Landhelgisgæslan flyst þangar en það virðist vera í nokkurri óvissu eins og er.

Rétt er að taka fram að hér á landi er mikil reynsla af björgunarstörfum bæði á sjó og landi og því hafa Íslendingar mikið fram að færa í þessum efnun þó e.t.v. ekki eins mikla sérþekkingu eins og í jarðhitamálum og sjávarútvegi.

Fyrir hönd ráðherra

Arnór Guðmundsson


Stefán Stefánsson

